



Grænfánafundur Árskógarskóla miðvikudaginn 30. ágúst 2017 haldinn á gæðastund þar sem allur skólinn kom saman.

Farið var yfir það sem við værum búin að vinna og hver næstu skref væru.

- Ákveðið var að börnin myndu aftur fylla út matslistana og skoða hvort eitthvað vanti uppá. Með því myndi skapast tækifæri til umræðna og forsenda til að koma nýjum nemendum inn í lýðheilsu vinnuna okkar.
- Eldri börn skólans tóku að sér að sauma stykki í handavinnu svo þau geti líka þrifið sig vel eftir matinn.
- Yngri börn skólans ætla að kynna sér tannvernd sérstaklega og sýna þann afrekstu á gæðastund.
- Talað var um að eldri nemendur myndu oft gleyma að þvo sér um hendurnar og sú hugmynd kom upp að búa til miða á klósettin til að minna á slíkt. Eldri nemendur ætla að útbúa miðana.

Allir áhugasamir og vilja að öllum líði vel.

Fundagerð ritaði Hjördís Jóna